

Ágæti viðtakandi,

Athygli okkar er vakin á því að þú óskar eftir sjálfboðaliðum til starfa hjá þér. Sjálfboðastörf í efnahagslegum tilgangi eru lögbrot og teljast félagsleg undiboð á vinnumarkaði. Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör samkvæmt lögum. Þá skiptir engu hvort viðkomandi starfar hjá fjölskyldufyrirtæki, í landbúnaði, ferðaþjónustu eða annars staðar. Ef þú ert í vafa um hvort ósk þín um sjálfboðaliða rúmast innan ramma laganna, ekki hika við að hafa samband við stéttarfélagið á þínu svæði, sjá tengslaupplýsingar hér: <http://www.sgs.is/um-sgs/adildarfelog/>.

Ef það er tekið sérstaklega fram í ráðningarsamningi og kjarasamningsbundnum reglum um slíkt er fylgt getur fæði og húsnæði verið hluti af endurgjaldi fyrir vinnu á lögbýlum við almenn landbúnaðarstörf. Forsendan er alltaf sú að kjarasamningum sé fylgt. Það þýðir að ráðningarsamningur sé gerður, lágmarks-laun að minnsta kosti greidd og gefinn út launaseðill þar sem fram koma laun og önnur starfskjör og heimilaðir frádráttarliðir. Allt endurgjald fyrir vinnu skal síðan telja fram til skatts og skila hinu opinbera, stéttarfélögum og sjóðum því sem þeirra er. Ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi þýðir að atvinnurekendur sem nota hana hagnast á kostnað samneyslunnar og skapa sér bæði ósanngjarnt og ólöglegt samkeppnisforskot á markaði.

Einstaklingar sem „ráða sig“ í ólaunaða vinnu njóta ekki tryggingaverndar eins og kjarasamningar kveða á um og gagnvart sjúkra- og almannatryggingakerfinu njóta þeir mjög takmarkaðra réttinda. Almennt má álykta að viðkomandi einstaklingar njóti mjög takmarkaðrar tryggingaverndar.

AU-pair, eða vistráðning er einungis heimil að skilyrðum uppfylltum, vistráðnu fólki er óheimilt að stunda atvinnu (þar með talið í fjölskyldufyrirtæki) og dvölin er einungis bundin við heimili vistfjölskyldu.

Aðildarfélag Starfsgreinasambands Íslands fylgjast vel með auglýstum sjálfboðastörfum á Íslandi og munu áfram bregðast við þeim í samstarfi við viðeigandi stofnanir svo sem skattayfirvöld. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um kaup og kjör á vinnumarkaði á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands [www.sgs.is](http://www.sgs.is). Einnig veita aðildarfélag sambandsins um allt land fúslega upplýsingar en upplýsingar um þau eru að finna hér: <http://www.sgs.is/um-sgs/adildarfelog/>.

Verkalýðshreyfingin mun ekki þola undirboð á vinnumarkaði og brot sem felast í ólaunaðri vinnu í efnahagslegri starfsemi.

Virðingafyllst,

Drífa Snædal

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands